

Mánudaginn 19. nóvember 1962.

Nr. 39/1962. **Kristján Jónsson**

(Eyjólfur Konráð Jónsson hrl.)

gegn

Tómasi Högnasyni og gagnsök

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um starfskjör og starfslaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. marz 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 3597.75 auk vaxta og orlofsfjár. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 23. marz 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Er það aðalkrafa hans, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 24.151.22 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Krafa gagnáfrýjanda, sem risin er af vinnusamningi hans við aðaláfrýjanda, er greind í fjórum kröfuliðum í héraðsdómi, og verða þeir teknir til úrlausnar hér í sömu töluröð.

Um 1. tölulið, kr. 4011.50. Í hinum áfrýjaða dómi er aðaláfrýjanda dæmt að greiða kr. 3597.75 samkvæmt þessum kröfulið, og ber að staðfesta þá niðurstöðu með skírskotun til forsendna dómsins.

Um 2. tölulið, kr. 13.256.22. Gagnáfrýjandi telur sig eiga rétt til þessarar fjárhæðar fyrir 362 eftirvinnustundir á því tímabili, er hann vann í þjónustu aðaláfrýjanda. Þessum kröfulið hefur aðaláfrýjandi mótmælt eindregið. Kveð-

ur hann, að „þótt stefnandi“ (þ. e. gagnáfrýjandi) „hafi unnið einhverja eftirvinnutíma“, þá sé þar um tiltölulega fáar klukkustundir að tefla, enda hafi gagnáfrýjandi fengið leyfi frá vinnu á öðrum tímum, sem þeim eftirvinnustundum svari. Sé tilgreining gagnáfrýjanda á stundafjölda mjög fjarri sanni.

Samkvæmt kjarasamningi þeim, er í héraðsdómi greinir, skyldi vinnutími gagnáfrýjanda vera 10 klst. á dag, en þar frá dregst ein klst. til matar og tveir stundarfjórðungar til kaffidrykkju. Gagnáfrýjandi hefur um eftirvinnutíma einungis vísað til dagbókar sinnar frá 1958, þar sem tíma-
setningar eru skráðar án skýringa, og kveður hann þær eiga að merkja, hvenær hann hafi hætt vinnu að kvöldi, en ekki er þar greint, hvenær vinna hófst né nánar um vinnutíma dag hvern. Ekki fékk gagnáfrýjandi staðfest, þegar hann tók fyrirvaralaust við launum sínum sumarið 1958, að hann ætti kröfu til greiðslu síðar fyrir eftirvinnustundir. Eins og kröfugerð og sönnunaratríðum er hér hátt-
að, þykir ekki unnt að taka þenna kröfulið til greina að neinu leyti.

Um 3. tölulið, kr. 6095.25. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta úrlausn hans um þenna kröfulið.

Um 4. tölulið, kr. 1202.00. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 16/1943, sbr. 3. gr. laga nr. 8/1957, ber að dæma gagnáfrýjanda orlofsfé af fjárhæð þeirri, sem tekin er til greina samkvæmt 1. tölulið, 6% af kr. 3597.75, þ. e. kr. 215.87.

Niðurstaða verður samkvæmt framansögðu sú, að aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 3813.62 ásamt vöxtum, er ákveðast 6% ársvextir frá 1. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvextir frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Kristján Jónsson, greiði gagnáfrýj-

anda, Tómasi Högnasyni, kr. 3813.62 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. október 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. þ. m., hefur Tómas Högnason, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 29. júní 1960, gegn Kristjáni Jónssyni, Saurbæ, Ölfusi, Árnessýslu, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 24.564.97 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan málflutning breytti stefnandi vaxtakröfu sinni þannig, að hann krafðist frá 29. des. 1960 8% ársvaxta í stað 10%.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar að mati réttarins, en til vara, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 3.184.00 auk vaxta og orlofs.

Málavextir eru þeir, að í júlí 1958 réð stefndi stefnanda til vinnu, og átti stefnandi að aka bifreið stefnda á leiðinni Reykjavík—Hveragerði—Ölfus. Umsamið kaup var kr. 5.000.00 á mánuði. Stefnandi kveður stefnda hafa sagt, að eftirvinna yrði greidd með fríum næsta sumar. Stefnandi kveðst hafa álitid, að kr. 5.000.00 á mánuði væru laun langferðabifreiðarstjóra, en er hann komst að því, að þau væru nokkru hærri, kveðst hann hafa fært það í tal við stefnda og spurt, hvort hann vildi ekki greiða fullan taxa. Kveður stefnandi stefnda hafa lofað að athuga það. Stefndi hefur hins vegar haldið fast við, að umsamið kaup hafi verið kr. 5.000.00 á mánuði. Um miðjan nóvember 1958 hætti stefnandi að aka hjá stefnda. Stefnandi skýrir þannig frá atvikum að því, að stefndi hafi morgun nokkurn í nóvember komið til sín og ætlað að draga bifreið í gang. Kveðst stefnandi þá hafa sagt stefnda, að hann færi ekki í áætlunarferð á bifreiðinni, þar sem hún væri bremsulaus. Bað stefndi stefnanda þá að hjálpa sér að draga bifreiðina í gang, og fór stefndi síðan sjálfur áætl-

unarferðina. Næsta kvöld kom stefndi til stefnanda. Spurði stefnandi, hvort búið væri að gera við bifreiðina, og svaraði stefndi því til, að ekkert að ráði væri að henni. Segist stefnandi þá hafa skýrt stefnda frá því, að hann færi ekki með bifreiðina í áætlun, fyrr en búið væri að gera við hana. Tveim kvöldum þar á eftir kom stefndi enn til stefnanda og var að færa honum vörur. Stefnandi kvaðst þá hafa spurt, hvort búið væri að gera við bifreiðina, og stefndi hafi svarað því til, að stefnanda varðaði ekkert um það. Segist stefnandi hafa mótmælt því, þar eð hann væri ráðinn til að aka bifreiðinni. Stefnandi segir stefnda þá hafa sagt, að hann hefði ekkert við sig að gera. Kveðst stefnandi þá hafa spurt, hvort hann ætti að taka þetta sem uppsögn, og hafi stefndi svarað því til, að hann gæti gert það. Stefnandi hefur hins vegar skýrt svo frá, að hann hafi farið heim til stefnanda, sem hafi þá sagt honum, að hann væri hættur að vinna hjá sér. Ekki kvaðst stefndi muna eftir neinum deilum út af uppsögninni. Aðiljar málsins komu báðir fyrir dóm, en ekkert samræmi náðist um þetta atriði í framburði þeirra.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Vangreiddur launamismunur júlí—nóv. . .	kr. 4.011.50
2. Aukavinna	— 13.256.22
3. Laun í 1 mánuð	— 6.095.25
4. Orlof	— 1.202.00

Kr. 24.564.97

Um 3.

Lið þennan telur stefnandi vera laun í einn mánuð, frá því að hann hætti að starfa hjá stefnda, en hann telur, að ekki hafi verið heimilt að segja sér upp fyrirvaralaust, og því beri honum laun í einn mánuð.

Stefndi hefur neitað, að hann hafi sagt stefnanda upp, en telur hann hafa hætt vinnu fyrirvaralaust, og þar af leiðandi eigi hann ekki rétt á launum í lengri tíma en hann vann.

Ljóst er af því, sem að framan greinir, að stefnandi hætti að starfa hjá stefnda fyrirvaralaust, en hins vegar er óupplýst, hvernig á því stóð, og þar sem stefnanda hefur ekki tekizt að sanna, að honum hafi verið sagt upp, þá verður þessi kröfufliður hans ekki tekinn til greina.

Um 1.

Liður þessi er mismunur á þeim launum, sem stefnandi fékk

greidd og launum samkvæmt samningi, sem gildi á þessum tíma milli Félags sérleyfishafa annars vegar og Bifreiðarstjórufélagsins Hreyfils, Reykjavík, og Bifreiðarstjórufélagsins Fylkis, Keflavík, hins vegar um kaup og kjör bifreiðarstjóra á sérleyfisleiðum; „þar sem ekki gilda aðrir samningar“, eins og í samningnum stendur.

Stefnandi telur, að óheimilt hafi verið að greiða honum lægri laun en í samningi þessum greinir, og að hann sé óbundinn af því samkomulagi, sem hann gerði við stefnda um að hafa kr. 5.000.00 á mánuði, enda kveðst hann hafa álitid, að það væru laun langferðabílstjóra, þegar hann réð sig.

Stefndi hefur neitað að greiða stefnanda hærri laun en samið var um. Hann kveðst vera í Félagi sérleyfishafa, en telur þó, að nefndur samningur gildi ekki um viðskipti aðilja máls þessa, þar sem stefnandi hafi verið í Dagsbrún, en ekki þeim félögum, sem stóðu að nefndum samningi.

Stefndi var bundinn af nefndum samningi, og var honum skylt að láta stefnanda njóta launa samkvæmt ákvæðum samningsins, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938, og verður þessi liður því tekinn til greina, þó þannig, að mismunur þessi reiknast aðeins fyrir þann tíma, sem stefnandi var í þjónustu stefnda. Samkvæmt þessu verður liður þessi tekinn til greina með kr. 3.597.75.

Um 2.

Liður þessi er vegna launa fyrir eftirvinnu stefnanda. Stefnandi er einn til frásagnar um eftirvinnu sína, en ljóst er, að hann hefur orðið að vinna fram yfir tilskilinn vinnutíma, og ósannað er, að hann hafi fengið þau frí, sem stefndi segir, að hann hafi átt að fá í stað aukavinnu sinnar, og verður þessi liður því tekinn til greina.

Um 4.

Stefnandi hefur krafizt orlofs af því kaupi, er hann á ógreitt hjá stefnda. Því hefur ekki verið mótmælt, og samkvæmt kjara-samningnum telst stefnandi eiga hjá stefnda vegna orlofs kr. 1.011.24, og verður þessi liður því tekinn til greina með þeirri fjárhæð.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 17.865.24 ásamt vöxtum, eins og krafizt er. Þá ber stefnda eftir þessum úrslitum að greiða stefnanda kr. 2.800.00 í málskostnað.

Grétar Haraldsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Jónsson, greiði stefnanda, Tómasi Högnasyni, kr. 17.865.24, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. des. 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.800.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
